

FUNDARGERÐ

130. fundar skólanefndar Mýrdalshrepps, haldinn á skrifstofu Mýrdalshrepps, þriðjudaginn 7. mars 2006 kl. 17:00.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn skólanefndar. Sveitarstjóri ritaði fundargerð á tölvu. Formaður, Þorgerður Einarsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

I. Tónskólinn

Á fundinn er mætt Kristín Waage tónskólastjóri.

1. Skráningar á vorönn.

25 nemendur eru í einstaklingsnámi þar af 16 í fullu námi, fjölgun um 5 frá haustönn.

2. Skóladagatal.

Kristín leggur fram nýtt og breytt skóladagatal fyrir vorönn. Gert er ráð fyrir prófdögum 24.-27 apríl og vortónleikum og skólaslitum 18. maí. Gert er ráð fyrir að þrír nemendur taki stigspróf.

3. Önnur mál.

- a) Kristín vekur athygli á að gerðar hafi verið breytingar á æfingatímum ungmennafélaganna sem hafi rekist á stundaskrá tónskólans án þess að samráð væri haft við tónskólann. Þetta hafi verið leiðrétt eftir að Kristín kom athugasemdum á framfæri.

Kristín yfirgefur fundinn

II. Leikskólinn

Á fundinn er mætt Aðalheiður Sigþórsdóttir leikskólastjóri.

1. Lýðheilsustöð.

Mýrdalshreppur er þátttakandi í verkefninu *Allt hefur áhrif, einkum við sjálf*. Gert hefur verið stöðumat sem leitt hefur í ljós að margt er í góðum farvegi hjá stofnunum sveitarfélagsins. Stefnt er að því að leikskólabörn fái skipulagða hreyfingu tvisvar í viku, í annað skiptið í íþróttahúsi og í hitt skiptið úti í náttúrunni. Þetta er fyrir utan hefðbundna útvíst. Skipulögð hreyfing innandyra er erfið vegna þess hve hljóðbært er um húsið. Uppi eru hugmyndir að taka upp "heilsubók barnsins" í samráði við foreldra.

2. Starfsmannamál.

Aðalheiður kynnir stöðu mála.

3. Vistunarmál.

Gert er ráð fyrir að nokkuð fækki við sumarfrí.

4. Önnur mál.

a) Sumarlokun.

Leikskólinn verður lokaður frá og með 26. júní til og með 28. júlí.

b) Skyndihjálparnámskeið.

Starfsfólk fer á skyndihjálparnámskeið um næstu helgi ásamt starfsmönnum grunnskóla og Hjallatúns.

c) Sjálfsmat.

Starfsfólk vinnur að sjálfsmati þessa daganna. Niðurstöður verða bornar saman við sjálfsmat frá fyrra ári.

III. Grunnskólinn

Á fundinn eru mætt Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir aðstoðarskólastjóri, Gunnar Halldórsson

fulltrúi kennara og Kristján Kristjánsson fulltrúi foreldra.

1. Starfsmannamál.

Búið er að ráða starfsmann í baðgæslu og starfsmannaviðtöl standa yfir. Victoria Jonsson kemur aftur til kennslu eftir fæðingarorlof.

2. Bréf frá Árborg dags. 20. janúar 2006 – ósk um skólavist nemanda.

Erindi Árborgar samþykkt.

3. Bréf Jöfnunarsjóðs dags. 26. janúar 2006.

Lagt fram til kynningar.

4. Bréf Vinnueftirlitsins dags. 17. janúar 2006.

Lagt fram til kynningar.

5. Baðvarsla - upplýsingar til forelda.

Upplýsingar verða í fréttabréfi skólans sem dreift verður í vikunni.

6. Önnur mál.

a) Skólafréttir koma út í vikunni.

b) Stærðfræðikeppni.

Nemandi skólans var í einu af þremur efstu sætum í nýafstaðinni stærðfræðikeppni grunnskóla.

c) Vakin er athygli á að uppfæra mætti heimasíðu skólans með reglubundnari hætti.

d) Vakin er athygli á Málþingi um málefni grunnskóla á Suðurlandi sem haldið var á Selfossi 24. febrúar sl. og Málstofu með rannsakendum málefna skóla og menntunar sem haldin var í Reykjavík mánudaginn 6. mars. Gögn eru fyrirliggjandi á vefjum Sambands sunnlenskra sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

e) Nefndin kallar eftir að haldnir verði kynningarfundir um vímuvarnarmál og um forvarnir í kynferðisafbrotamálum.

Kolbrún Ósk, Gunnar og Kristján yfirgefa fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 18:35.

Sigrún Guðmundsdóttir

Þorgerður Einarsdóttir
Formaður

Bergþóra Ástþórsdóttir

Ragnheiður Högnadóttir

Andrína Erlingsdóttir